

## Fundur foreldraráðs 4.4.2019

Mættar: Ingibjörg, Arna, Kristín Finndís, Fríður, Halla

1. Fjármál. Eftirstöðvar af valkvæðum greiðslum foreldra er ca 700 þús. Kallað var eftir tillögum frá nemendum og nefndu þeir m.a. að gott væri að hafa skjávarpa í Norðurkjallara. Var ákveðið að festa kaup á einum slíkum. Einnig var ákveðið að gefa 5 gjafabréf á 15.000 kr í edrúpottinn fyrir lokaballið. Nemendur komu líka með tillögur um fleiri leikjaborð s.s. pythokkí, fótboltaspil eða annað borðtennisborð en borðið sem foreldrafélagið gaf nemendum vakti mikla lukku og er vel nýtt. Samstaða var um að gott væri að fara með ca 250.000 milli ára og geta þá styrkt edrúpott á fyrsta ballinu og fá fyrirlesara eða skemmtikraft á haustfund foreldrafélagsins.

2. Foreldraráðið stóð fyrir fræðslufyrirlestri fyrir foreldra um svefn með Dr Erlu Björnsdóttur. einnig styrkti foreldraráðið fyrirlestur Bjarts Guðmundssonar um hámarksárangur á Lagningadögum

3. Fulltrúi foreldra sat Skólaping á Lagningadögum. Þar kom m.a. fram að borðtennisborðið góða vakti ekki síst lukku hjá IB nemum, góð leið til að blanda geði við aðra nemendur í skólanum.

4. Ekkert hefur heyrst frá Heimili og skóla í vetur varðandi sameiginlegan fund foreldraráða eins og var í fyrra. Fram kom hugmynd um að við hefðum frumkvæðið að sameiginlegum fundi foreldraráða t.d. í nágrenninu s.s. Kvennó og MR.

5. Ýmsar hugmyndir komu fram varðandi hvað væri hægt að gera fyrir nemendum næsta vetur, t.d. að bjóða upp á vikulega eða mánaðarlega tíma í núvitund, slökun, afrískum dönsum, haka eða einhverju slíku. Nú þegar er boðið upp á jógatíma í skólanum.

6. Fyrir næsta vetur þarf að huga að facebook síðunni, hvort betra sé að ná til fólks ef hún er "like" síða frekar en lokaður hópur. Þurfum að skoða þetta.

Fundi slitið 18:00

HSA